

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 309/2023

2024/EES/48/12

frá 8. desember 2023

um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir,
staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/1442 frá 11. júlí 2023 um breytingu á I. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 10/2011 um efnivið og hluti úr plasti sem ætlað er að komast í snertingu við matvæli að því er varðar breytingar á leyfum fyrir eignum og viðbót nýrra efna ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/1581 frá 1. ágúst 2023 um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) 2017/2470 að því er varðar skilyrði fyrir notkun á nýfæðinu óleóresinum úr þörungunum *Haematococcus pluvialis* sem eru auðug af astaxantíni ⁽²⁾.
- 3) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/1582 frá 1. ágúst 2023 um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) 2017/2470 að því er varðar skilyrði fyrir notkun á nýfæðinu 3'-sialýllaktósanatríumsalti sem er framleitt með afleiddum stofnum *Escherichia coli* BL21(DE3) ⁽³⁾.
- 4) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/1583 frá 1. ágúst 2023 um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) 2017/2470 að því er varðar nákvæma skilgreiningu á nýfæðinu laktó-*N*-neótetraósa (af örverufræðilegum uppruna) ⁽⁴⁾.
- 5) Ákvörðun þessi varðar löggjöf um matvæli. Ákvæði löggjafar um matvæli skulu ekki gilda gagnvart Liechtenstein meðan ákvæði samnings Evrópubandalagsins og Sambandsríkisins Sviss um verslun með landbúnaðarvörur taka einnig til Liechtenstein, eins og fram kemur í inngangsorðum XII. kafla II. viðauka við EES-samninginn. Ákvörðun þessi á því ekki að gilda gagnvart Liechtenstein.
- 6) II. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það,

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

1. gr.

Eftirfarandi breytingar eru gerðar á XII. kafla II. viðauka við EES-samninginn:

1. Eftirfarandi undirlið er bætt við 55. lið (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 10/2011):

„— **32023 R 1442:** Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/1442 frá 11. júlí 2023 (Stjtið. ESB L 177, 12.7.2023, bls. 45).“

2. Eftirfarandi undirliðum er bætt við lið 124b (framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/2470):

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 177, 12.7.2023, bls. 45.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 194, 2.8.2023, bls. 4.

⁽³⁾ Stjtið. ESB L 194, 2.8.2023, bls. 8.

⁽⁴⁾ Stjtið. ESB L 194, 2.8.2023, bls. 13.

- „– **32023 R 1581**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/1581 frá 1. ágúst 2023 (Stjtið. ESB L 194, 2.8.2023, bls. 4),
- **32023 R 1582**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/1582 frá 1. ágúst 2023 (Stjtið. ESB L 194, 2.8.2023, bls. 8),
- **32023 R 1583**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/1583 frá 1. ágúst 2023 (Stjtið. ESB L 194, 2.8.2023, bls. 13).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerðar (ESB) 2023/1442 og framkvæmdarreglugerða (ESB) 2023/1581, (ESB) 2023/1582 og (ESB) 2023/1583, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgildur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 9. desember 2023, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 8. desember 2023.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Pascal Schafhauser

formaður

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.